

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2005, miðvikudaginn 23. nóvember var haldinn 252. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Fríkirkjuvegi 11 og hófst kl. 08:20. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Sigurður Guðmundsson, Páll Grétarsson, Páll Ármann Eggertsson, Ragnar Örn Pétursson, Sigmar Eðvardsson, Egill T. Jóhannsson og Andrés Ingólfsson, Jafnframt sátu fundinn Grétar H. Þórisson forstöðumaður, Þorsteinn Hjaltason fólkvangsvörður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
2. Lagt fram yfirlit um opnunardaga og aðsókn á skíðasvæðum 1998-2005.
3. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun vegna 2006 og útkomuspá 2005. Á fundinn kom Skúli Skúlason fjármálastjóri ÍTR og gerði grein fyrir áætluninni.
4. Lagt fram minnisblað fjármálastjóra ÍTR dags. 22. nóvember sl. vegna fyrirspurnar frá seinasta fundi lið 1 varðandi stofnkostnað nýrrar lyftu annars vegar og hvert uppsafnað tap án afskrifta væri hins vegar. Óskað var eftir nánari upplýsingum varðandi stofnkostnað. Málinu frestað til næsta fundar.
5. Lagt fram tilboð um aðgangsmiðakerfi. Samþykkt og vísað til skoðunar rekstrarstjórnar.
6. Lögð fram tillaga um gjaldskrá skíðasvæða.

Árskort fullorðinna	18.500.-
Árskort barna	10.000.-
Dagkort virka daga – börn	600.-
Dagkort virka daga – fullorðnir	1.500.-
Dagkort helgar/frídaga – börn	600.-
Dagkort helgar/frídaga – fullorðnir	1.700.-
Æfingakort barna	5.000.-

Samþykkt.
7. Lagt fram bréf skíðafélaganna Ármanns, Breiðabliks og Fram dags. 1. nóv. sl. varðandi uppbyggingar á snjógirðinum í Bláfjöllum. Vísað til afgreiðslu forstöðumanns skíðasvæðanna.
8. Lagt fram bréf sviðsstjóra ÍTR dags. 16. nóv. sl. þar sem óskað er eftir lóð undir skíðaskála ÍR og Víkings í Bláfjöllum. Samþykkt.

9. Rætt um rútuferðir í Bláfjöll. Samþykkt að ekki verði um niðurgreiðslur að ræða.
10. Rætt um fundarboð og gögn vegna funda stjórnarinnar.

**Fundi slitið kl. 09:40.**

Ingvar Sverrisson

Andrés Ingólfsson  
Sigurður Guðmundsson  
Ragnar Örn Pétursson  
Páll Ármann Eggertsson

Sigmar Eðvardsson  
Páll Grétarsson  
Egill T. Jóhannsson